

Föstudaginn 24. september 1993.

Nr. 275/1993. Íslenska umboðssalan hf.

gegn
 þrotabúi Hleinar hf.

Kærumál. Málskostnaðartrygging. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1993, er barst réttinum 30. júní. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní í einkamálinu nr. 3267/1993, sem Hlein hf. höfðaði fyrir dóminum á hendur sóknaraðila með stefnu, birtri 23. apríl 1993, til þingfestingar 29. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðila gert að setja tryggingu fyrir kostnaði af dómsmálinu á grundvelli b-liðar 1. mgr. 133. gr. fyrrgreindra laga. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Bú hlutafélagsins Hleinar, sem á heimili á Hólmavík, var tekið til gjaldþrotaskipta 7. maí 1993, eins og um getur í hinum kærða úrskurði. Var það gert að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs að undangenginni árangurslausri fjárnámsgerð hans 31. mars 1993. Hefur þrotabúið tekið við aðild að dómsmálinu, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 91/1991 og 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Af hálfu skiptastjóra er því lýst yfir, að lögmanni stefnanda í héraði hafi verið falið að fara áfram með málið að svo stöddu, en endanleg ákvörðun um framhald þess verði tekin að fenginni niðurstöðu í kærumáli þessu.

Stefnandinn, Hlein hf., lagði stund á fiskvinnslu og útgerð, en sóknaraðili starfar að útflutningssölu sjávarafurða. Samkvæmt stefnu er málið höfðað til heimtu eftirstöðva af skuld vegna sölu á grálúðu, sem greiðst hafi að hluta á árinu 1991, og vísar stefnandi til fram lagðra innheimtubréfa og munnlegs samkomulags um

uppgjör. Sóknaraðili hefur ekki fært fram gögn því til stuðnings, að málshöfðun þessari sé tilefnis eða tilgangs vant, enda telur hann kröfu sína um málskostnaðartryggingu ekki háða efni málsins.

Á það verður fallist með héraðsdómara, að krafa sóknaraðila sé ekki of seint fram komin, en hún var gerð í beinu framhaldi af þingfestingu málsins. Hefur varnaraðili ekki leitt nægar líkur að því, að sóknaraðila hafi fyrir fram mátt vera kunnugt um ógjaldfærni stefnanda. Á hinn bóginn felst það ekki í ákvæðum b-liðar 1. mgr. 133. gr. einkamálalaga, að gjaldprot hans eitt veiti tilefni til að heimila málskostnaðartryggingu. Er þar meðal annars á það að líta, að krafa sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar, sem felldur yrði á gagnaðilann með dómi í málinu, nyti forgangs samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991, eins og hér stendur á, ef mál-sóknin verður leidd til lykta á vegum þrotabúsins. Með hliðsjón af þessu ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Kærumálskostnaður á að falla niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1993.

Mál þetta var þingfest 29. apríl 1993. Þá var málinu frestað til 27. maí sl., en þann dag lagði stefndi fram bókun, merкта sem dómskjal nr. 7, þar sem þess var krafist, að stefnandi setti tryggingu fyrir greiðslu þess málskostnaðar, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða.

Af hálfu stefnanda var kröfunni mótmælt.

Málið var tekið fyrir föstudaginn 11. júní til þess að gefa lögmönnum aðila kost á að rökstyðja kröfur sínar og mótmæli. Í því þinghaldi ítrekaði lögmaður stefnda kröfur sínar um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda og lagði það undir mat dómara, hversu há tryggingin skyldi vera. Lögmaður stefnanda mótmælti kröfunni, m. a. sem of seint fram kominni, og kvað hafa átt að setja hana fram við þingfestingu máls, þar sem stefnda hlyti að hafa verið kunnugt, að hverju stefndi með greiðslufærni stefnanda, og m. a. hefði verið gert árangurslaust lögtak hjá stefnanda, áður en mál þetta var þingfest. Af hálfu aðila voru engin gögn lögð fram. Er lögmenn aðila höfðu reifað sjónarmið sín, var málið tekið til úrskurðar.

Í bókun, merktri sem dómskjal nr. 7, kemur fram, að bú Hleinar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða 7. maí sl., en mál þetta var þingfest 29. apríl 1993. Má því fallast á með stefnda, að hann hafi ekki haft ástæðu til að setja fram tryggingu um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda, fyrr en eftir að hann fékk vitneskju um, að bú stefnanda hafði verið til gjaldþrotaskipta, þ. e. eftir þingfestingu málsins. Þykir því krafa hans um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda ekki of seint fram komin.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 þarf stefndi að leiða að því líkur, að stefnandi sé ófær um greiðslu þess málskostnaðar, sem á hann kann að verða lagður. Óumdeilt er, að bú stefnanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, en líta verður einnig til tilgangs lagaákvæðis þess, sem stefndi reisir kröfu sína á.

Telja verður, að tilgangur þessa ákvæðis, þ. e. b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, hafi einkum verið sá að sporna gegn málsóknum, þar sem fyrir fram er sýnt, að stefnandi geti ekki greitt þann málskostnað, sem hann verður fyrirsjáanlega dæmdur til að greiða, svo sem í tilefnis- eða tilgangslitlum málsóknum, sbr. athugasemdir með fyrrnefndu lagaákvæði.

Ekki er unnt að fallast á með stefnda, að svo sé háttað í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs er því hafnað kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda.

Ingveldur Einarasdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Hafnað er kröfu stefnda, Íslensku umboðssölnunnar hf., um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda, Hleinar hf.